

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu við reglugerð nr. 115/2018, um togveiðar á kolmunna árið 2018.

#### 1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 31. desember 2018 er leyfilegur heildarafli sem hér segir (magn í lestum):

A	B	C	D
293.000	15.529	1.500	275.971

- A. Leyfilegur heildarafli.
- B. Skerðing skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%).
- C. Skerðing vegna framsals til Rússlands.
- D. Fiskistofa úthlutar til skipa á grundvelli aflahlutdeildar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 2. febrúar 2018.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*